

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 17. apríl 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar vegna tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands fagna fram kominni Matvælastefnu sem hér er mörkuð og nær til ársins 2040. Mikilvægt sé að tryggja heilnæma-, gæða matvælaframleiðslu hér á landi enda eru bændur og matvælaframleiðendur þjóðhagslega mikilvægir til að styrkja stöðir fæðuöryggis og áfallaþol samfélagsins.

Upprunamerkingar matvæla

Íslendingar eru meðvitaðir neytendur. Við viljum góðar, hollar og heilnæmar matvörur og engum dettur í hug að drekka neitt annað en íslenskt vatn, enda er það best í heimi. Þó getur stundum verið erfitt að átta sig á því hvaðan matvælin koma og þannig taka meðvitaða og upplýsta ákvörðun um hvað við leggjum okkur til munns. Ekki er skylt að merkja unnar kjötvörur og tilbúna rétti með upprunalandi og skyldumerkingar á matvælum oft í smáu letri á ólíkum stöðum á pakkingum.

Fjölmörg dæmi eru um að matvælum sé stillt fram í verslunum með þeim hætti að erfitt er að gera greinarmun á innfluttum og innlendum vörum. Skýrt dæmi um það má oft finna í grænmetisborði verslana. Þar eru oft og iðulega grænir kassar merktir Sölufélagi garðyrkjumanna, undan íslensku grænmeti, endurnýttir undir innflutt grænmeti í lausu, hvaðanæva að í heiminum. Hafa margir bændur af þeim sökum kosið að pakka vörum sínum sjálfir, með tilheyrandi plastnotkun, því ekki sé hægt að treysta því að grænmeti í lausu sé ekki blandað saman við grænmeti með annan uppruna. Starfsskilyrðin hér á landi eru önnur og notkun varnarefna í garðyrkju eru nær engin, sem tæplega er hægt að fullyrða með innflutta vöru. Blandaður uppruni og óljósar merkingar eru þannig fallnar til að neytendur taka ákvarðanir sem þeir myndu líklega aldrei taka væru þeir nægilega upplýstir.

Þá eru aðrar vörur seldar í umbúðum sem gefa til kynna að varan sé íslensk þegar raunin er önnur, og þá oftast með íslenska þjóðfánum, eða án fána og óþægilega oft í nafni rótgróinna íslenskra vörumerkja. Með breytingu á fánalögum árið 2016, á þann veg að heimilt var að nota þjóðfána í ríkara mæli í markaðssetningu og á umbúðir vara og matvæla, hefur notkun hans orðið nánast stjórnlaus.

Vara er “íslensk að uppruna”, samkvæmt lögunum, uppfylli hún tvö skilyrði; að vera framleidd hér á landi annars vegar og hins vegar þarf hún að vera framleidd úr innlendu hráefni að uppistöðu til. Með innlendu hráefni er átt við hvers kyns hráefni sem ekki er innflutt, s.s.

Íslenskar landbúnaðarafurðir, sjávarafurðir, eldisfiskur, grænmeti og jurtir sem ræktaðar eru hér á landi. Í lögnum kemur skýrt fram að vara teljist ekki íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera *einkennandi* hluti vörunnar og er eðlislík búvöru, eldisfisk, vörum sem framleiddar eru hér á landi á garðyrkjustöðum og sjávarafurðum frá íslenskum skipum sem veiddar eru innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Fánalögin nr. 34/1944, ásamt reglugerð um notkun þjóðfánans í markaðssetningu, nr. 618/2017, setja ýmis skilyrði fyrir notkun, svo sem um nægilega aðvinnslu hérlendis. Er það eftirlátið dreifingaraðila að meta hvað sé nægileg aðvinnsla en augljóst má vera að innflutt blóm pökkuð í íslenska fánann uppfylla tæpast þau skilyrði. Eða þegar innflutt kjöt er kryddað, marinerað og umpakkað með íslenskum vörumerkjum. Þannig er hæpið að löglegt sé að gefa í skyn að vara sé íslensk að uppruna þegar hún er merkt íslensku letri einu saman, undir íslensku vörumerki, sé innflutta hráefnið áfram *einkennandi* hluti vörunnar eða hún er eðlislík íslenskri búvöru eða eldisfisk. Þessu verður að breyta og lög in þarf að skýra með leiðbeiningum frá eftirlitsaðilum.

Þessi dæmi um villandi viðskiptahætti og markaðssetningu má finna á hverjum degi í nánast öllum verslunum með matvæli. Slíkt er ekki einungis andstætt settum reglum heldur gengur það gróflega gegn hagsmunum neytenda og skýlausum rétti þeirra til að vita hvað þeir láta ofan í sig. Neytendum er þar með gert mun erfiðara fyrir með að taka upplýsta ákvörðun við val á matvælum með tilliti til uppruna og annarra eiginleika þeirra.

Heilbrigðiskröfur og aðbúnaðarkröfur

Í 2. mgr. 64. gr. búvörulaga er ráðherra veitt heimild til þess að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér lyfjaleifar og annarra aðskotaefna *umfram* það sem leyft er við framleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna. Ráðherra ákveður með reglugerð á hvern hátt hagað skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatöku og rannsóknum. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að ekkert lát er á óhóflegri notkun sýklalyfja í evrópskum landbúnaði. Það hefur m.a. leitt til ört vaxandi aukningar sýklalyfjaónæmra bakteria sem berast í fólk. Samkvæmt skýrslu European Medicine Agency – EMA) frá 2021 er staðan allt önnur í íslenskum landbúnaði og með því besta sem þekkist á heimsvísu. Bændur hér á landi hafa því skapað framleiðslu búvara hér á landi gríðarlega sérstöðu sem verður að gæta að.

Bændur vilja að sjálfsögðu gera vel þegar kemur að aðbúnaði dýra en íslenskum landbúnaði eru þó settar mun stífarí skorður en víðast hvar annarsstaðar. Tökum sem dæmi svínarækt og eggjaframleiðslu. Þannig er kveðið á um í reglugerð að lágmarks legurými grísa skuli vera 67% af gólfrými en í þeim löndum þaðan sem innflutt svínakjöt kemur frá er lágmarks legurými 33% af gólfrými. Með öðrum orðum er tvöfalt pláss fyrir hvern grip á Íslandi samanborið við samkeppnislöndin okkar. En þar með er ekki öll sagan sögð. Sveitarstjórnir ákveða í skipulagsáætlun fjarlægð eldishúsa við önnur skipulögð svæði með hliðsjón af hugsanlegum umhverfisáhrifum þar sem fjarlægðarkröfur geta verið allt að 600 m. Þessar miklu fjarlægðarkröfur eru margfaldar á við það sem er í Danmörku og Þýskalandi svo dæmi séu tekin. Þá má nefna eggjaframleiðsluna, en um áramótin tók gildi reglugerð sem gerir þá kröfu að ekki megi halda varphætur í búrum. Breytingarnar hafa kallað á umfangsmiklar fjárfestingar í greininni þar sem umhverfis- og skipulagsmál hægja á ferlinu. Íslenskum eggja- og svínabændum er því ætlað að framleiða við mun dýrari skilyrði en kollegar þeirra í samkeppnislöndunum.

Rannsóknir, menntun og nýsköpun í landbúnaði

Ein grunnforsenda þess að framtíðarsýn matvælastefnu raungerist er nýsköpun. Slík nýsköpun verður að hafa það að markmiði að stækka innlendan markað fyrir innlendar landbúnaðarvörur auk þess að skapa vörur sem henta til útflutnings og taka mið að þeim ræktunaraðstæðum sem til staðar eru á Íslandi. Þannig má bæði minnka gjaldeyrisútlæði og auka gjaldeyristekjur á sama tíma. Slík markmið falla að öllum liðum framtíðarsýnar matvælastefnunnar.

Til þess að slík markmið raungerist verður að vera til staðar bæði fjölbreytt og öflugt rannsóknarstarf sem byggir á menntun og þekkingu. Það er þannig beinlínis hlutverk mennta- og rannsóknageirans að skapa skilyrði til nýsköpunar sem hefur að leiðarljósi sjálfbærni í matvælaframleiðslu, fæðuöryggi, fæðusjálfstæði og matvælaöryggi. Í loftslagsmálum stendur landbúnaðurinn frammi fyrir þeirri stóru áskorun að auka framleiðslu og minnka losun á sama tíma. Slíkar áskoranir hrópa á öflugt vísindasamfélag þar sem samvinna á áður óþekktum skala verður að vera frumstefið. Þannig verður ríkið að gera mögulegt að ráðast í stærri rannsóknir en áður sem þarfnast breiðrar þátttöku innlendra og erlendra aðila á sviði matvælaframleiðslu. Það verður einfaldlega að hafa að leiðarljósi að engir draumar séu of stórir og áherslan til framtíðar á að vera á nýsköpun til eflingu atvinnu á Íslandi. Ræktum Ísland! er þannig stefna sjálfbærni, landnýtingar, mannauðs, nýsköpunar, loftslagsmála, fæðuöryggis og margra fleiri þátta og samspil alls samfélagsins að ógleymdri byggðaáætlun stjórnvalda.

Uppbygging öflugs og trausts flutningskerfis raforku sem tryggir jafnt aðgengi að raforku til atvinnuuppbyggingar á landinu er forsenda öflugrar byggðar. Með aukinni tæknivæðingu er landbúnaður einnig háðari tryggri afhendingu raforku en áður var auk þess sem nýsköpunarverkefni í landbúnaði s.s. vinnsla aukaafurða er háð auknu aðgengi að raforku í nærsamfélaginu. Traustur raforkuflutningur er þannig áhrifaþáttur og undirstaða eflingu fæðu- og matvælaöryggis.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík



Búðardal, 14.04.2023

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um matvælastefnu til ársins 2040

Vísað er til þingskjals 1431 – 915. mál. sem lagt var fram á Alþingi 28. mars 2023.


Dalabyggð vill byrja á að fagna framlagðri tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, því líkt og segir í inngangi fylgiskjals eru mörg tækifæri hér á landi og mikilvægt að nýta þau með samræmdum aðgerðum. Matvælaframleiðsla er áskorun um allan heim og því undir Íslendingum komið að sjá til þess að við mætum þeirri áskorun hér á landi með aðgerðum, áætlunum og úrræðum.

Komið er inn á loftslagsmál og kolefnislosun í tillögunni. Mikið hefur verið ritað um losun kolefnis frá landbúnaði vegna metanlosunar. Þegar kemur að matvælastefnu og landbúnaðarstefnu þarf að meta kolefnislosun frá landbúnaði almennt, út frá því hvernig losunarbókhaldið fyrir Ísland er fært og leggja aðrar aðferðir til hliðar. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða ákvarðanir um ráðstöfun opinberra fjármuna. Með því verður ávinningurinn mælanlegur, samanburðarhæfur á alþjóðvettvangi og aðgerðum beint þangað sem líklegast er að þær skili mestum árangri m.t.t. skuldbindinga Íslands.

Þó alþjóðlegar reglur setji innflutt matvæli á 0 við innflutning má ekki gleyma þeirri kolefnislosun sem varð við framleiðslu vörunnar á fyrri stigum. Einnig er komið inn á aðgerðir er snúa að samdrætti losunar í landbúnaði s.s. vegna áburðarnotkunar. Á móti þurfa stjórnvöld að styðja vel við rannsóknar- og nýsköpunarverkefni er snúa að því að ná fram nýjum leiðum til næringargjafar fyrir ræktun fóðurs og matvæla.

Í drögunum er talað um að skoða með heildstæðum hætti samspil loftslagsmála og fæðuöryggis þar sem aukin innlend framleiðsla geti leitt til meiri losunar gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Þannig verði áhersla lögð á að minnka losun vegna matvælaframleiðslu og auka framleiðslu matvæla með lágu kolefnisspori, byggt á lífsferilsgreiningu og mati á kolefnisspori

framleiðslunnar. Dalabyggð bendir á rit LbhÍ nr. 142 *Afkoma sauðjýrbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana* frá maí 2021. Þar er m.a. skrifað um íslenska sauðfjárrækt í alþjóðlegu samhengi og á bls. 38 má finna samanburð afurðamagns per grip á Íslandi miðað við nokkur sauðfjárræktarlönd í Evrópu, fyrir árið 2019 þar sem Ísland trónir á toppnum (*sjá mynd 1*).




23. mynd. Framleitt magn kindakjöts á ásetta kind í nokkrum Evrópulöndum árið 2019, skv. Eurostat (2021) og Statistisk sentralbyrå (2021).

Mynd 1 - Tafla úr riti LbhÍ nr. 142 í maí 2021: Afkoma sauðjýrbænda á Íslandi og leiðir til að bæta hana

Auk þessa er aðgengi að upplýsingum á Íslandi mun meira en víða annars staðar. Þannig má velta fyrir sér hvort útreikningar á kolefnisspori erlendis sé nákvæmlega eins og útreikningar á Íslandi. Miðað við t.d. meiri framleiðslu per grip sbr. mynd hér að ofan, ætti kolefnissporið að vera minna í íslenskri sauðfjárrækt.

Samkvæmt gögnum frá Nýja-Sjálandi er verð á landi til kolefnisbindingar hærra en verð á landi til matvælaframleiðslu (*sjá mynd 2*) og það er landbúnaður og hin hefðbundna búvöruframleiðsla að fara keppa við. Í verðmyndun jarða á Íslandi er sambærileg þróun byrjuð að sjást. Hvernig á að horfa á þennan þátt þegar kemur að mikilvægi matvælaframleiðslu og fæðuöryggi?



Mynd 2 - Source: B+LNZ Economic Service & Insights

Markmiðið með hringrásarhagkerfinu er að lágmarka auðlindanotkun, auka líftíma auðlinda og þar með draga úr úrgangsmyndun. Taka þarf markvissara á úrgangsmálum í matvælaframleiðslu svo allar greinar matvælaframleiðslu standi jöfnun fæti þegar kemur að lausnum í hringrásahagkerfinu. Matartap og matarsóun eru ástæðan fyrir á bilinu 8-10% af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum samkvæmt Food and Agriculture Organization of the United Nations (FAO). Það tap og sóun verður til í gegnum alla virðiskeðjuna, allt frá undirbúningi fyrir ræktun þar til matvaran er komin í hendur neytenda.

Í byggðamálakafla stefnunnar væri hægt að týna margt til um muninn á dreifbýli og þéttbýli. Mörg þau helstu mál sem brenna á íbúum dreifbýlis þykja sjálfssögð í þéttbýli, því fagnar Dalabyggð matvælastefnunni ef hún mun tryggja verulega fjárfestingu í innviðum í dreifbýli sem verður forsenda hagkvæmari framleiðslu og fjölbreyttara atvinnulífs á landsbyggðinni. Í sveitarfélaginu sjáum við stöðugt fleiri tækifæri fyrir íbúa til að stunda matvælaframleiðslu, ýmist til eigin nota eða sölu á almennum markaði. Það þarf þó að vera val hvort einstaklingar

ætli að hafa atvinnu af matvælaframleiðslu eingöngu eða stunda önnur störf með, það má ekki vera nauðsyn til að komast af, að taka sér fleiri störf.

Þegar kemur að fæðuöryggi sést þegar FAOSTAT hjá FAO er skoðað að framleitt magn matvæla í heiminum er svipað undanfarin ár þó samhliða hafi orðið fjölgun fólks. Markmið og aðgerðir vegna fæðuöryggis þurfa að taka á því að nóg sé framleitt innanlands. Sú staða getur komið upp að verði fæðuskortur og lítill markaður eins og Íslands sé þá aftarlega í forgangs röðinni.

Dalabyggð telur skynsamlegt að hvatar séu til að framleiða það sem hægt sé á Íslandi til að styrkja fæðuöryggi landsins. Eins verði stutt við tilraunir til framleiðslu á matvælum sem hingað til hafa ekki verið framleidd hér á landi en eiga möguleika í íslenskum aðstæðum.

Neytendur framtíðar munu gera auknar kröfur, það er vonandi að þær kröfur snúi meðal annars að hollustuháttum matvæla, traustum upprunamerkingum, sanngjörnu lífsviðurværi þeirra sem framleiða matvælin og minni sóun í allri virðis keðjunni. Vistkjöt og kjötlíki er meðal þess sem við eigum eflaust eftir að sjá meira af í framtíðinni en rannsóknir sýna að kjötlíki eiga nokkuð í land með að vera sömu næringargjafar og kjöt.

Matvælastefna Íslands til næstu ára þarf að hafa afkomu frumframleiðenda að leiðarljósi. Sé hún ekki tryggð þarf ekki að gera ráð fyrir því að fólk velji að festa sig í atvinnugreininni til framtíðar meðan til eru önnur störf sem tryggja mannsæmandi afkomu.

Að lokum leggur Dalabyggð áherslu á að stefnan ásamt aðgerðaáætlun verði kostnaðarmetin að fullu og tryggt að þeim mælanlegu markmiðum sem sett eru fram, fylgi fjármunir til að framkvæmd stefnunnar gangi upp.

Björn Bjarki Þorsteinsson

Sveitarsjóri Dalabyggðar

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál.

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar um ofangreint mál, dags. 31. marz sl. FA vísar ennfremur til umsagnar sinnar um 914. mál, tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til 2040, þar sem tillögurnar skarast að ýmsu leyti.

I. Almennt

FA fagnar því frumkvæði sem felst í samningu tillögunnar. Möguleikar Íslands á sviði matvælaframleiðslu eru gríðarlegir. Félagið vill þó vara við því að dregnar séu upp óraunsæjar glansmyndir eða sett óraunhæf markmið, en á því ber nokkuð í þingsályktunartillögunni. FA hafði áður sent matvælaráðuneytinu athugasemdir um drög að tillögunni. Að einhverju, en þó takmörkuðu, leyti hefur verið tekið tillit til þeirra og eru athugasemdir félagsins því að talsverðum hluta efnislega þær sömu og um drögin. FA getur ekki alls kostar tekið undir það sem segir í greinargerð tillögunnar um samráð, að gagnrýni á drögin hafi verið „að mestu minni háttar“.

II. Fæðuöryggi

Fæðuöryggi er eðlilega lykilþáttur í stefnunni (3. kafli). FA er sammála því markmiði að efla nýsköpun í matvælaframleiðslu og stuðla að aukinni sjálfbærni innlendar framleiðslu, en hvetur til raunsæis í þessum efnum og að horft sé í augu við staðreyndir. Ísland er ekki sjálfu sér nægt um matvörur og verður aldrei. Hnattstaða og náttúra landsins gerir hvorki mögulegt né hagkvæmt að framleiða hér ýmsan mat sem við þurfum. Auk þess er innlend matvælaframleiðsla mjög háð innfluttum aðföngum; hráefnum, umbúðum, fóðri, áburði, vélum, eldsneyti, byggingarefni og þannig mætti áfram telja.

Af því leiðir að jafnvel þótt Ísland auki hlutfall innlendar matvælaframleiðslu tryggir það ekki óbreytta innlenda framleiðslu ef samgöngur rofna, t.d. vegna ófriðar eða farsóttar. Innfluttu matvörurnar og aðföng til innlendar matvælaframleiðslu koma til landsins með sömu skipunum. Hins vegar er ástæða til að ræða hvort gera eigi ráðstafanir til að auka birgðir á óvissutímum. Það á þá jafnt við um innfluttar matvörur og aðföng til innlendu framleiðslunnar.

Það er ekki skynsamlegt fyrir neitt ríki heims – og allra sízt lítið, opið hagkerfi eins og það íslenska – að stefna að því að verða sjálfbært um alla skapaða hluti, þar á meðal mat. Hagkvæmasta nýting auðlinda og annarra framleiðsluþátta næst með því að ríki framleiði til eigin þarfa og útflutnings það sem þau geta framleitt með hagkvæmari hætti en aðrir, en flytji inn það sem aðrir framleiða á hagkvæmari vísu. Öll stefnumótun varðandi fæðuöryggi verður að taka mið af útreikningum á kostnaði annars vegar og ábata hins vegar við þær ráðstafanir sem gripið er til í því skyni að auka innlenda framleiðslu, auka birgðir o.s.frv.

Að mati FA vantar í markmiðin um fæðuöryggi að meðal annars með alþjóðlegum samningum um frjáls viðskipti með matvörur og með því að virkja krafta samkeppni og frjáls markaðar sé íslenskum neytendum tryggt bæði nægt framboð og hagstætt verð á matvörum.

III. Þarfir neytenda

Í kaflanum um neytendur (5. kafla) er vikið að mikilvægi jöfnuðar og aðgengis að matvælum. Að mati FA vantar bæði í þann kafla og í umfjöllunina um fæðuöryggi að hnykkt sé á mikilvægi frjálsrar samkeppni og opinna markaða í því skyni að tryggja neytendum aðgengi að mat á viðráðanlegu verði, en það er lykilþáttur í fæðuöryggi.

Í 5. kafla er jafnframt að finna það markmið að stuðlað verði að því að neytendur séu vel upplýstir um uppruna, innihald og kolefnisspor matvæla. FA leggur til að við þennan hluta kaflans (5.1) bætist að nýttar verði stafrænar leiðir til að miðla upplýsingum um matvæli til neytenda. Fyrir liggur að með þróun Gagnalaugar, sem ýmsir af helztu matvælaframleiðendum, -innflytjendum og -verzlanakeðjum landsins eiga nú þegar aðild að, blasir við algjör bylting í tækifærum til að miðla neytendaupplýsingum með stafrænum hætti. Með því að nýta þau tækifæri er annars vegar hægt að koma á framfæri upplýsingum um t.d. innihaldsefni, ofnæmisvalda, framleiðsluland, rekjanleika, vistspor, umhverfis- og gæðavottanir, með miklu nánari og ýtarlegri hætti en mögulegt er í dag með merkingum á umbúðum matvæla. Hins vegar er hægt að draga úr þörf fyrir endurmerkingar matvæla sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og stuðla þar með að lækkun kostnaðar innflytjenda og þar með lægra matvælaaverði, sem er eins og áður sagði lykilþáttur í fæðuöryggi.

IV. Neyðarbirgðahald

Í greinargerð tillögunnar er fjallað um mikilvægi neyðarbirgðahalds til að styrkja viðnáms- og áfallaþol samfélagsins sem þátt í fæðuöryggi. Hér á það sama við og áður var sagt, að mat á kostnaði og ábata þarf að liggja til grundvallar ákvörðunum um t.d. að skylda einkafyrirtæki til að halda tiltekið magn af neyðarbirgðum. Mikill kostnaður getur fylgt neyðarbirgðahaldi. Það getur þurft að reisa nýjar vöruskemmur fyrir milljarða króna, auk þess sem mikill kostnaður er fólgin í fjárbindingu, umsýslu, gengistryggingum o.fl. Stjórnvöld verða að horfast í augu við þann kostnað og vera reiðubúin að mæta honum, eigi að gera kröfur um skyldubirgðir birgja. Að mati FA ætti að geta þessara þátta í þingskjalinu.

V. Matvælaöryggi

Auðvelt er að vera sammála þeim markmiðum sem sett eru fram um matvælaöryggi (kafla 4); að matvæli framleidd hér á landi sé örugg og heilnæm og eftirlit og stjórnsýsla einföld, málefnaleg og skilvirk. Félagsmönnum FA þykir oft vanta upp á að stjórnsýslan í kringum matvælaframleiðslu og -innflutning sé þessum kostum gædd.

FA þykir vanta í markmiðin um matvælaöryggi og greinargerð með þeim kafla tillögunnar umfjöllun um ýmsar áskoranir varðandi öryggi innlendrar matvælaframleiðslu, til dæmis hvernig eigi að taka á algjörlega óviðunandi ástandi frárennismála í ýmsum sveitarfélögum þar sem matvælaframleiðsla er uppistöðuatvinnugrein eða hvernig eigi að fást við tíðar salmonellusýkingar í alifuglarækt á Íslandi. Eins og áður segir þjónar það engum tilgangi að mála upp glansmyndir sem ekki fá staðizt eða sneiða hjá aðkallandi vandamálum.

VI. Að lokum

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent á nefndasvid@althingi.is

Garðabær, 17.apríl 2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál

Umsagnaraðili

GS1 Ísland hefur það hlutverk að koma á og viðhalda alþjóðlegu kerfi til samskipta í viðskiptum og til að auðkenna vörur, þjónustu og staðsetningar. Þjónustur GS1 nýtast notendum sjálfum, samstarfsaðilum þeirra og neytendum við að auka skilvirkni í virðis- og aðfangakeðjunni. GS1 Íslandi er hluti alþjóðlegu samtakanna GS1 Global og er starfsemin í samræmi við reglur þeirra

GS1 Ísland er rekið án hagnaðarkröfu og er í eigu eftirfarandi samtaka:

- Samtök iðnaðarins
- Samband íslenskra samvinnufélaga
- Félag atvinnurekenda
- Samtök verslunar og þjónustu
- Viðskiptaráð Íslands

GS1 Ísland er kannski hvað helst þekkt fyrir úthlutun strikamerkja til að auðkenna vörur og fyrirtæki og hefur gert það síðan 1984. Langflest íslensk fyrirtæki sem starfa með matvæli á einn eða annan hátt eru því viðskiptavinir GS1 Ísland.

Umsögn

GS1 Ísland fagnar því að íslensk stjórnvöld ætli sér að gefa út matvælastefnu fyrir Ísland. Tillaga að matvælastefnu til 2040 er metnaðarfull og miðar m.a. að því að bæta sjálfbærni, verndun á umhverfi og upplýsingaveitu til neytenda.

Markmið þessi eru í takt við þau sem sum nágrannaríkja Íslands hafa sett sér sem og Evrópusambandið í þessum málum enda gríðarlega mikilvæg. Það er því lykilatriði að Ísland framkvæmi matvælastefnu vel til að halda eða jafnvel bæta samkeppnisstöðu sína á alþjóðavettvangi. Eins þarf að taka fram að vel útfærð matvælastefna gagnast lítið ef ekki er hægt að miðla upplýsingum um vörur og hráefni á alþjóðavísu.

GS1 samtökin hafa um árabíl aðstoða fyrirtæki um allan heim að mæta stórauknum kröfum neytenda, yfirvalda og söluaðila um upplýsingar vara. Með stöðlum og þjónustu GS1 er hægt að miðla upplýsingum um t.d. uppruna, rekjanleika, innihaldsefni, næringargildi, ofnæmisvalda og gæðavottanir með mun nánari og sjálfvirkari hætti en áður. Mörg stærstu fyrirtæki í matvælaíðnaði nýta sér þessar þjónustur í dag og dæmi er um að stórar verslunarkeðjur taki ekki vörur í sölu án þess að gögn um þau séu að finna í GS1. Þar með koma þau í veg fyrir vörufalsanir og grænþvott.

Reynsla þessi, tengsl og gagnkvæmt traust GS1 við atvinnulífið leiða til þess að yfirvöld nágrannaríkja okkar leita í síauknum mæli til GS1 við innleiðingu á matvælastefnum þeirra. Sem dæmi má nefna [Food Data Finland](#) verkefnið, hvers tilgangur er að safna kröfulýsingum frá atvinnulífinu til matvælastefnu og hvar GS1 Finnland er í forsvari.

GS1 Ísland er því boðið og búið að aðstoða atvinnuveganefnd við frekari vinnu á innleiðingu stefnunnar á frekari stigum málsins. Að miðla reynslu sinni og GS1 í öðrum löndum af verkefnum af svipuðu tagi.

Með vinsemd, f.h. GS1 Ísland.

Jens Gunnarsson, Framkvæmdastjóri

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent rafrænt á nefnasvid@althingi.is

Húnaþingi vestra, 11. apríl 2023
Mál nr. 2304001

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu, mál nr. 915.

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir umsögn Húnaþings vestra um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál. Byggðarráð Húnaþings vestra fjallaði um málið og bókaði svohljóðandi á 1173. fundi sínum þann 11. apríl 2023.

2304001 Tillaga til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál. Umsagnarfrestur til 17. apríl 2023. Byggðarráð ítrekar umsögn sveitarstjórnar sem veitt var þegar málið var birt á Samráðsgátt stjórnvalda: „Ástæða er til að fagna því að lögð er fram í fyrsta skipti matvælastefna fyrir Ísland. Húnaþing vestra er eitt mesta matvælahérað landsins og fagnar því áherslu stjórnvalda á eflingu innlendar matvælaframleiðslu svo Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum í sátt við umhverfi og samfélag. Í bókunum sínum um landbúnað undanfarin ár hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra ítrekað lagt áherslu á að sömu kröfur séu gerðar til innfluttra matvæla og þeirra innlendu. Er ástæða til að leggja enn og aftur áherslu á það í tengslum við framlögð drög að matvælastefnu. Á það við um alla þætti í framleiðslunnar, aðbúnað dýra, kröfur við vinnslu matvæla sem og merkinga á umbúðum. Ef ekki eru gerðar sömu kröfur til erlendar og innlendar framleiðslu mun matvælastefnan ekki ná fram að ganga. Í tengslum við áherslu á sjálfbærni og minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda, takmörkun neikvæðra áhrifa á vistkerfi, líffræðilega fjölbreytni og eflingu hringrásarhagkerfisins vill sveitarstjórn Húnaþings vestra leggja ríka áherslu á að í aðgerðum til að ná fram þessum mikilvægu markmiðum verði miðað við íslenskar aðstæður. Svo sem við útreikninga á kolefnisspori.

Að síðustu leggur sveitarstjórn Húnaþings vestra áherslu á að framkvæmdaáætlun sú sem vinna á í framhaldi samþykktar stefnunnar verði unnin í ríku samráði við framleiðendur og sveitarfélög. Einnig er brýnt að fjármagn fylgi þeim aðgerðum sem skilgreindar verða. Aðeins þannig munu markmið stefnunnar ná fram að ganga.

Auk ofangreinds er vísað til atriða í umsögn sveitarfélagsins um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu, mál nr. 914, sem í meginatriðum er samhljóða ofangreindri umsögn.“

Byggðarráð Húnaþings vestra áskilur sér rétt til umsagna um málið á síðari stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við nefndina sé þess óskað.

F.h. Húnaþings vestra



Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
sveitarstjóri.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. apríl 2023

Umsögn Landverndar um þingsályktunartillögu um matvælastefnu, 915. mál

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda tillögu sem og drög sem birt voru í samráðsgátt fyrir á árinu og sendi umsögn um þau sem vísast til hér¹.

Stjórn Landverndar telur mikilvægt að ríkið skapi góðar forsendur fyrir matvælaframleiðslu hér á landi til þess að bæta og efla bæði fæðu- og matvælaöryggi, draga úr þörf fyrir innflutningi á matvöru sem og til að styrkja byggð og sjálfbæra nýtingu auðlinda á landi og í hafi. Ríkið hefur ekki rækt hlutverk sitt sem eftirlitsaðili með því að landnýting þó styrkjakerfið í orði eigi að byggja á því að landnýting sé sjálfbær² eða að þjóðin fái það sem henni ber vegna nýtingar á sameiginlegum auðlindum.

Áhersla á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda

Stjórn Landverndar minnir aftur á að losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá matvælaframleiðslu á Íslandi er yfir 40% af losun á beinni ábyrgð stjórnvalda³ og því verður áherslan í matvælastefnu að vera á aðgerðir sem stuðla að samdrætti í losun en ekki á kolefnishlutleysi og kolefnisjöfnun (liður d). Losun GHLer hin raunverulega stóra áskorun og framtíð matvælaframleiðslunnar veltur á þessu atriði sé vel leyst af hendi. Í stefnuna vantar enn töluleg markmið um samdrátt í losun frá matvælaframleiðslu. Reynslan er ólygnust um það að yfirlýstur góður vilji atvinnulífsins að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda nægir ekki. Það er því nauðsynlegt að beita mengunarbótareglunni, þ.e. að leggja á losunargjald, til að tryggja raunverulegan árangur. Bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og OECD hafa hvatt íslensk stjórnvöld til að beita þessari reglu í meira mæli. Í Danmörku er verið að skoða tillögu að leggja 750 DKR gjald á losun hvers tons af gróðurhúsalofttegundum í landbúnaði⁴. Stjórn Landverndar leggur því til að orðalag d liðs verði:

¹ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3403&uid=5fcab612-52b4-ed11-9bb8-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3403&uid=5fcab612-52b4-ed11-9bb8-005056bcce7e)

² <https://eldri.landvernd.is/sidur/abending-um-gaedastyringu-saudfjarraektar>
<https://landvernd.is/umsogn-landverndar-um-radstofun-almannafjar-vid-gaedastyringu-i-saudfjarraekt-32-mal/>
http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit_lbhi_nr_118.pdf

³ [Umhverfisstofnun | Gagnabirtir \(ust.is\)](#)

⁴ <https://klimaraadet.dk/da/nyhed/ny-analyse-fra-klimaraadet-landbruget-faar-brug-baade-strukturel-omstilling-og-flere>

„Samdráttur í losun gróðurhúsalojftegunda frá matvælaframleiðslu verði 55%, hún verði kolefnishlutlaus og kolefnisjöfnun byggist á náttúrumiðuðum lausnum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum“

Verndun haf- og landsvæða

Enn vantar töluleg markmið um verndun vistkerfa og vísun í samþykktir samnings Sameinuðu þjóðanna um verndun 30% hafsvæða og 30% landssvæða fyrir 2030. Tilvísun í þessi markmið á klárlega heima í matvælastefnunni því haf- og landsvæði rík af líffræðilegri fjölbreytni eru einmitt þau svæði sem hafa mesta möguleika til nýtingar til matvælaframleiðslu.

Skilgreiningar á sjálfbærni og náttúrumiðuðum lausnum

Nauðsynlegt er að samþykkja sem fyrst reglugerð um sjálfbæra landnýtingu og skýra vel hvað sjálfbær matvælaframleiðsla í sjó þýðir. Þá vantar einnig dýpri skilning á Íslandi á því hvað náttúrumiðaðar lausnir eru. Mikið hefur borið hefur á misnotkun í atvinnulífinu á hugtakinu sjálfbærni og á hugtakinu náttúrumiðaðar lausnir. Föngun og förgun kolefnis í bergi er t.a.m. ekki náttúrumiðuð lausn⁵ eins og forsvarsmenn Carbfix hafa haldið fram. Framtíðarsýn er lítills virði ef aðilar eru ekki sammála um merkingu orðanna sem þar eru notuð.

Matvælastefna þarf að fjalla um hvað er framleitt

Samlegðaráhrif lýðheilsu- og umhverfissjónarmiða eru veruleg eins og sést af ályktunum nýstofnaðra samtaka lækna gegn umhverfisvá⁶. Þetta gildir líka um fæðuframleiðslu og heilnæmt mataræði en kjötneysla á Vesturlöndum er allt of mikil og til að markmið í loftslagsmálum, um verndun vistkerfa og lýðheilsumarkmið náist verður að draga úr henni⁷. Nýleg drög að norrænar ráðleggingum um mattarræði ættu að vera hvati til að taka þessi mál til gagngerar skoðunar⁸. Í gegnum styrkjakerfi í landbúnaði er megináhersla á framleiðslu dýraafurða og nauðsynlegt er að breyta því þannig að hlutur grænmetisframleiðslu aukist verulega og að vægi kjötf framleiðslu minnki. Sú mikla áhersla sem lögð er að kjötf framleiðslu er úr takti við bæði umhverfissjónarmið og mannelidissjónarmið. Athyglivert er að í

⁵ [Getting the message right on nature-based solutions to climate change - Seddon - 2021 - Global Change Biology - Wiley Online Library](#)

⁶ „Íslendingar eru skelfilegir trassar í loftslagsmálum“ - Heimildin

⁷ [Food in the Anthropocene: the EAT–Lancet Commission on healthy diets from sustainable food systems \(thelancet.com\)](#)

[Global diets link environmental sustainability and human health | Nature Health and nutritional aspects of sustainable diet strategies and their association with environmental impacts: a global modelling analysis with country-level detail - The Lancet Planetary Health Evaluating the environmental impact of various dietary patterns combined with different food production systems | European Journal of Clinical Nutrition \(nature.com\)](#)

⁸ De nordiske næringsstofanbefalinger (NNR) er videnskabelige anbefalinger, der anvendes i de nordiske og baltiske lande til at udarbejde nationale kostråd. Sjá www.norden.org

skýrslu KPMG frá 2020⁹ kemur fram að kjötframleiðsla á Íslandi hefur næstum tvöfaldast (32,5 tonn 2018 vs. 17,2 1996) hefur ræktun innlands grænmetis dregist saman um rúmlega þúsund tonn (er 2018 11.667 tonn). Á sama tíma hefur innflutningur á grænmeti þrefaldast. Þetta staðfestir að eftirspurn eftir grænmeti er fyrir hendi og nauðsynlegt að hagnýta þessa miklu eftirspurn fyrir innlenda framleiðendur. Innlend grænmetisframleiðsla skapar störf og verðmæti og stjórnvöld verða að bæta verulega í til þess að skapa grænmetisframleiðslu sterkan starfsgrundvöll. Þetta þarf að fjalla um í matvælastefnu.

Sömu leiðis ætti matvælastefnan að fjalla um hvaða veiðarfærum er beitt þannig að veiðarfæri sem valda skaða á lífríki hafsins og valda mestri losun gróðurhúsalofttegunda pr. kg af fiski verði takmörkuð og með tímanum bönnuð. Matvælastefna ætti því að taka skýra afstöðu um leiðir til að stöðva botnvörpuveiðar alfarið árið 2040 og stuðlað að framþróun veiða sem leysa botnvörpuveiðar af hólmi.

Stjórn Landverndar fagnar áherslu á hringrásarhagkerfið og minnir á að fullunnar vörur eru mun verðmætari. Hér telur Landvernd að bæta verði við undirmarkmiði sem fjallar um að farið sé að öllum reglum um meðhöndlun úrgangs en fram hefur komið að dýrahæ eru í dag urðuð í stórum stíl þrátt fyrir að það sé bannað¹⁰.

Lokaorð

Stjórn Landverndar telur að þingsályktunartillaga um matvælastefnu til 2040 sé almennt góð en að það skorti á skýrara og ákveðnara orðalag þegar kemur að umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu, sérstaklega í loftlagsmálum og auðlindannýtingu en einnig um samspil mataræðis, velsældar og heilsu.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

⁹ KPMG, 2019. Íslenskur landbúnaður 2040 Sviðsmyndir um mögulega framtíð landbúnaðar á Íslandi. Reykjavík. 2019. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/KPMG-Svi%C3%B0smyndir%20landb%C3%BAar%20til%202040_%C3%BAtg%C3%A1fa%20fyrir%20stafr%C3%A6na%20birtingu.pdf

¹⁰ [Urðun og úrgangsmál og búðahnuþl fyrir sex milljarða | Kveikur \(ruv.is\)](#)

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefndar
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. apríl 2023
Málsnúmer: 202304-0001
SS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040

Vísað er í tölvubréf frá Nefndasviði Alþingis, dags. 31. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 915. mál.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um drög að þingsályktunartillögunni í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. febrúar síðastliðinn. Efnisatriði þeirrar umsagnar eiga enn við. Eftirfarandi umsögn er því að mestu leyti sú sama og veitt var um drögin:

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040 og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Drög að matvælastefnu sem kynnt var haustið 2022 eru ítarleg og metnaðarfull og mjög ánægjulegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að lykiláhersla er lögð á sjálfbæra þróun og að við þróun, skipulag og framkvæmd matvælaframleiðslu sé meginmarkmið að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið. Sérstaklega jákvætt er að líffræðilegri fjölbreytni og velferð hennar er gefinn umtalsverður gaumur og til jafns við loftslagsmál og kveður þar við nokkuð nýjan tón. Er það löngu tímabært að mati Náttúrufræðistofnunar að innleidd sé skýr hugsun um það hve mikilvægu hlutverki matvælaframleiðsla hefur að gegna þegar kemur að því stóra verkefni að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni á heimsvísu. Vel er þekkt að ósjálfbær matvælaframleiðsla er einn stærsti áhrifavaldurinn þegar kemur að því að valda röskun á vistkerfum og fækkun lífvera. Ísland hefur alla burði þegar kemur að því að vera leiðandi á vettvangi sjálfbærar matvælaframleiðslu með hagsmuni umhverfis og náttúru að leiðarljósi enda mörg fordæmi fyrir vel útfærðum lausnum hérlendis. Vel hefur til dæmis heppnast með sjálfbæra nýtingu nytjastofna í sjó en tækifæri til úrbóta er að finna alls staðar.

Innihald þingsályktunartillögunnar er takmarkaðra en sjálfrar stefnunnar og telur Náttúrufræðistofnun að ávarpa mætti málefni líffræðilegrar fjölbreytni með skýrari hætti í þingsályktunartillögunni en um flest sem snýr að umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu er fjallað undir lið 1. Sjálfbærni matvælaframleiðslu. Sama á við í raun un loftslagsbreytingar. Það



er framsetningaratriði en ef til vill mætti draga betur fram mikilvægi þess að meginviðfangsefni stefnunnar sé að vinna gegn þessum stóru umhverfisvám sem loftslagsbreytingar og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni eru.

Lítið er fjallað um í þingsályktunartillögunni hvernig markmiðin munu endurspeglast í aðgerðum einstakra matvælaframleiðslugeira, heldur er almennt talað um innleiðingu áherslna eins og vistkerfisnálgun, hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, verndun lykilvistkerfa, vöktun umhverfisþátta og fleiri grundvallaratriði til að tryggja sjálfbærni framleiðslunnar. Sama á við um drögin að stefnunni þó þar sé ítarlegri umfjöllun um þessi almennu atriði.

Náttúrufræðistofnun vill benda á að til að geta fylgt eftir markmiðum um upplýsta ákvarðanatöku í nafni vistkerfisnálgunar séu grunnrannsóknir á náttúrufari og vöktun á áhrifum nýtingar og ræktunar, grundvallaratriði. Þekking á vistkerfum lands og sjávar er ágæt en mörg þekkingargöt eru þó til staðar og mikil þörf á að fylla í þau. Það hefur m.a. sýnt sig við skipulag og mat á umhverfisáhrifum fiskeldis í sjókvíum og þang- og þaranýtingar á grunnsævi að töluvert skortir á grunnkortlagningu á vistkerfum grunnsævis. Til dæmis er ekki til flokkun eða kortlagning vistgerða á grunnsævi og reyndar ekki í hafinu við Ísland yfir höfuð. Þetta skapar vandræði þegar verið er að leggja mat á verndargildi svæða og þar með meta hvort þau séu heppileg fyrir nýtingu eða ekki.

Mikill vöxtur hefur verið í sjókvíafiskeldi og líkt og nýleg úttekt Ríkisendurskoðunar ber með sér hefur ekki heppnast nægilega vel að útfæra skilvirkan ramma stjórnsýslu kringum atvinnugreinina. Það hefur líka skort að byggja upp nægilega öflugan þekkingargrunn sem nýtist greininni og því er í raun ekki vitað nægilega vel hvers eðlis og hve mikil umhverfisáhrif eldisins eru í raun. Ljóst er að þau geta verið umtalsverð og alvarleg ef ekki er vel að staðið. Afleiðingar af slíku geta verið mikil röskun á náttúrulegum vistkerfum, einkum á sjávarbotni, sem og erfðablöndun við villta laxfiskastofna og aukin útbreiðsla sníkjudýra. Plast-, ljós- og hljóðmengun eru einnig áhyggjuefni. Til að tryggja að umhverfisáhrif greinarinnar séu ekki óásættanlega neikvæð verður að tryggja að ákvarðanataka byggist á sem bestu upplýsingum með því að styrkja til muna eftirlit og almennar náttúruvannsóknir, þar með talið grunnrannsóknir á þeim svæðum sem um er að ræða. Fylgja þarf rannsóknnum og eftirlit eftir með öflugum regluverki til að tryggja að komið sé í veg fyrir umhverfisslys og brugðist við með viðeigandi mótvægisáðgerðum. Grunnrannsóknirnar eru einnig undirstaða ákvarðanatöku um verndun en mjög lítið hefur gerst í verndun hafsvæða á Íslandi og það á ekki síst við um grunnsævissvæði. Heildstæð nálgun við að skilgreina verndarsvæði er mikilvæg undirstaða til að ákveða t.d. hvar sjókvíaeldi eigi heima og hvar ekki. Skort hefur á slíka nálgun fram til þessa.

Rannsóknir á helstu nytjastofnum í sjó eru öflugar hér á landi og undirstaða fiskveiðistjórnunarkerfisins sem hefur reynst vel við að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra. Heildstæða vistkerfisnálgun má þó sannarlega bæta og nýta betur fyrir stefnumótun og skipulag nytja í sjó og þörf er á frekari rannsóknnum á samspili nytja og annarra áhrifaþátta er móta ástand vistkerfa hafsins. Þar má nefna t.d. loftslagsbreytingar og mengun af ýmsum toga sem og aðra



notkun á hafsvæðum svo sem efnistöku, orkuöflun, ferðapjónustu, samgöngur o.fl. Þá er Ísland enn eftirbátur á alþjóðavísu þegar kemur að formlegri verndun hafsvæða þar sem horft er til þess að skilgreina lykilsvæði t.d. fyrir líffræðilega fjölbreytni og tryggja verndun þeirra til framtíðar með nauðsynlegum aðgerðum. Fiskveiðistjórnunarkerfið er gagnlegt þegar kemur að verndun upp að vissu marki en meira þarf til enda margir aðrir þættir sem þarf að skoða til að tryggja að verndunin sé markviss, ekki síst á grunnsævisvæðum þar sem áhrifaþættirnir geta verið mjög margir. Til dæmis er hjáveiði á sjófuglum og sjávarspendýrum vandamál sem ekki hefur tekist að leysa almennilega hér á landi og mikil þörf á að bæta úr. Þá er síaukin sókn í efnistöku af hafsbótmi, áhrif landfyllinga t.d. vegna vegagerðar geta verið umtalsverð að ónefndum áhrifum frá fiskeldi (einnig landeldi vegna frárennismála) og fleira mætti telja. Þörf er á auknum rannsóknum og vöktun til að geta lagt mat á áhrif og tekið upplýstar ákvarðanir um hvar og hvernig slík starfsemi á að vera og hvernig samspili þeirra við nýttjar ólíkra nýttjastofna eigi að vera háttað.

Vert er að nefna sérstaklega nýttjar á þangi og þara sem líklegt er að aukin sókn verði í á næstunni. Fá vistkerfi í hafi og strandsvæðum eru eins lífauðug og þaraskógar og þangfjörur og mikilvægi þeirra fyrir t.d. kolefnisbindingu sem og sem búsvæði fyrir lífríki m.a. uppeldisstöðvar nýttjategunda, er vanmetið og alltof lítið rannsakað hér á landi. Marka þarf skýra stefnu um hvernig, hversu mikið og hvar slíkar nýttjar eiga rétt á sér og hvernig tryggt sé að þær séu sjálfbærar og valdi ekki óásættanlegu tjóni á viðkvæmum og verðmætum svæðum. Benda má á að í Skotlandi fór fram ítarlegt mat á heildstæðum áhrifum stórfelldrar þaranýtingar á strand- og grunnsævisvistkerfi áður en leyfi voru veitt fyrir slíku og niðurstaðan þar var að umhverfisáhrifin voru metin of mikil til að stuðla ætti að markvissri uppbyggingu atvinnugreinarinnar. Þörf er á öflugri rannsóknum til að tryggja upplýsta ákvarðanatöku um þessar nýttjar og enn er nokkuð langt í land með að næg þekking sé til staðar. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að varúðarsjónarmið eigi að ríkja áður en veitt séu leyfi fyrir nýtingu þegar áhrif eru ekki nægjanlega vel þekkt. Svipað á við um ræktun þangs og þara í sjó sem og skeldýrarækt, en ef umfang slíkrar ræktunar er mjög mikið getur það haft töluverð áhrif. Kortleggja þarf vandlega hvaða svæði þola slíkt inngríp.

Fiskeldi á landi fer einnig hratt vaxandi hér á landi. Þar eru umhverfisáhrifin nokkuð ólík því sem á við um sjókvíaelði, sérstaklega því mun meiri tækifæri eru að stjórna og nýta úrgang sem fellur úr eldinu. Engu að síður þarf að huga afar vel að áhrifum fráveitu enda umfang losunar næringarefna frá landeldi oft mjög mikið. Skipuleggja og staðsetja þarf landeldi þar sem lítil hætta er á að lífræn mengun úr fráveitu valdi skaða og vakta þarf vandlega stöðu næringarefna við útrás. Stærstu umhverfisáhrif landeldis eru líklega notkun á grunnvatni en atvinnugreinin er alla jafna mjög vatnsfrek. Grunnvatnsstreymi er víða mikið á Íslandi en meta þarf vandlega hver þolmörk grunnvatnskerfa eru fyrir nýtingu sem í sumum tilfellum er fordæmalaus hvað varðar magn. Afleiðingar ósjálfbærrar grunnvatnsnotkunar geta verið mjög alvarlegar, fyrir aðra vatnsnotkun t.d. neysluvatn sem og á lífríki.



Stór hluti matvælaframleiðslu fer fram í landbúnaði. Þar er ekki síður að mörgu að huga þegar kemur að áhrifum á líffræðilega fjölbreytni og aðra umhverfisþætti. Vísað er í umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 (914. mál) sem send hefur verið til atvinnuveganefndar en þar er að finna margvíslegar ábendingar er varða markmið um sjálfbæra og vistvæna matvælaframleiðslu í landbúnaði og samspil atvinnugreinarinnar við náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lögbundið hlutverk við að rannsaka, kortleggja og meta verndargildi náttúru Íslands, og að veita ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu hennar. Stofnunin hefur ekki einungis mikilvægt grunnrannsóknar- og vöktunarhlutverk sem mikilvægt er að styrkja heldur í ljósi ráðgjafarhlutverk síns á brýnt erindi inn í umræðu um nýja matvælastefnu. Stofnunin er því reiðubúin til frekara samtals og ráðgjafar um einstaka efnisþætti stefnunnar enda mjög í mun um að markmið þau sem hér eru kynnt um sjálfbærni og vistvæna framleiðsluhætti nái fram að ganga, náttúru og samfélagi til heilla.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að fylgja umsögninni eftir með frekara samtali við atvinnuveganefnd Alþingis ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Eydís Líndal Finnbogadóttir
Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Matvælaráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2023

2302009SA KB/fhs
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál.

I. Inngangur

Vísað er til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 31. mars 2023 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040. Með matvælastefnunni er ætlun stjórnvalda að vera leiðandi í ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu á Íslandi, tryggja fæðu- og matvælaöryggi, auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru. Matvælastefnan tekur einnig mið af öðrum stefnum, sem eru til umsagnar eða liggja fyrir s.s. í landbúnaði, sjávarútvegi, fiskeldi eða í hringrásarhagkerfinu. Vísað er til umsagna sem Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur gert við þær stefnur og er ekki ætlunin að endurtaka athugasemdir sem fram hafa komið við aðrar stefnur, í þeim tilvikum sem þær skarast við matvælastefnu.

II. Umsögn um einstök atriði þingsályktunartillögu og matvælastefnu

Í nýrri stefnumótun Sambands Íslenskra sveitarfélaga er að finna stefnumið sem kallast á við þá umfjöllun sem fram kemur í drögum að nýrri Matvælastefnu. Fjallað verður um þau stefnumið og gerðar athugasemdir við einstök atriði matvælastefnunnar þar sem við á.

II.1 Stefnumótun um landbúnað og fæðuöryggi

Í stefnumótun Sambands Íslenskra sveitarfélaga kemur fram:

- 8.27: Brýnt er að unnin verði stefnumótun um landbúnað og fæðuöryggi þar sem lögð verði áhersla á sjálfbæra landnýtingu og byggt á flokkun landbúnaðarlands.

Sérstök umsögn sambandsins er unnin um þingsályktunartillögu um landbúnað og er vísað til hennar. Stefnumið þetta kemur þó inn á fæðuöryggi Íslands. Fjöldmörg atriði koma til skoðunar þegar fæðuöryggi þjóðarinnar er kannað, en matvælaframleiðsla á Íslandi er háð aðföngum í öllum tilvikum. Innrás Rússlands í Úkraínu hefur sett í dagsljós að fæðuöryggi landsins er mikilvægt s.s. ef styrjaldir herja á. Afar mikilvægt er að leita leiða til þess að auka fæðuöryggi þjóðarinnar með aukinni matvælaframleiðslu s.s. í grænmetisrækt sem og að auka sjálfbærni annarra framleiðslugreina, s.s. fiskveiða, fiskeldis og kjötframleiðslu. Auk þess að stuðla að hámarks nýtingu þess matar sem framleiddur er og lágmörkun matarsóunar. Talið er að þriðjungur matar sem framleiddur er fari forgörðum á framleiðslustiginu og í smásölu, veitingarekstri og heimilum og nýtist þar með ekki til manneldis.

Sambandið telur mikilvægt að hámarksnýting matvæla og lágmörkun sóunar í allri virðiskeðju matvæla sé gerð góð skil í matvælastefnu fyrir Ísland.

Allar greinarnar eru í dag afar háðar innflutningi, s.s. vegna eldsneytis, áburðar, fóðurs og annarra aðfanga. Verulegt átak þarf að gera á ýmsum sviðum til að unnt verði að uppfylla stefnumið um sjálfbæra matvælaframleiðslu á Íslandi. Slíkt getur ekki unnist án þess að til komi verulegur stuðningur ríkisvaldsins við þær atvinnugreinar sem standa höllum fæti, sem og áttak í nýsköpun sem tengist umræddum atvinnugreinum sem miða að aukinni framlegð og fullnýtingu afurða svo raunhæft sé að auka framleiðslu í þeim greinum sem þörf er á. Bindur Samband Íslenskra sveitarfélaga vonir við að í aðgerðaáætlun komi fram skýrar tillögur sem stefni að þessum markmiðum, tímasettar og kostnaðarmetnar.

11.2 Matvælaöryggi

Í matvælastefnu er fjallað nokkuð ítarlega um matvælaöryggi, sem felst í því að þau matvæli sem í boði eru, séu örugg og ógni ekki heilsu almennings. Sambandið tekur undir að mikilvægt sé að virkt eftirlit og vöktun sé með matvælaframleiðslu á Íslandi. Slíkt kerfi er grundvöllur þess að verðmætasköpun verði við matvælaframleiðslu. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gegnir lykilhlutverki við eftirlitið enda sér það um útgáfu starfsleyfa, þ.m.t. til matvælaframleiðenda. Ef stefnt er að aukinni aðkomu og umfangi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga að þessum málaflokki er nauðsynlegt að slíkar áætlanir verði rýndar nákvæmlega með tilliti til kostnaðar, enda er heilbrigðiseftirlit verulegur kostnaðarliður í starfsemi sveitarfélaga.

Jafnframt er mikilvægt að stefnumið um matvælaöryggi landsins komi ekki niður á samkeppnishæfni þeirra framleiðsluvara sem framleiddar eru hér á landi. Því er best náð með því að sömu kröfur séu gerðar til matvæla sem innflutt eru frá öðrum löndum eins og kröfur sem gerðar eru til innlendra matvælaframleiðenda. Þar með talið er mikilvægt að rekjanleiki uppruna þeirra sé til staðar með skýrum hætti, svo neytendur geti gert sér grein fyrir upprunalandi og framleiðsluaðferðum með einföldum hætti. Í umsögn sambandsins við matvælastefnu í samráðsgátt var fjallað um ofangreint og virðist texta þingsályktunar í kafla 2.5. hafa verið breytt lítillega af þessum sökum. Telur sambandið mikilvægt að þessu sjónarmiði verði haldið á lofti í áframhaldandi vinnu við málaflokkinn.

Auk alls ofangreinds er mikilvægt að kröfur um matvælaöryggi verði ekki til þess að einu aðilarnir sem hafa burði til þess að standa undir þeim kröfum þurfi að viðhafa „verksmiðjubúskap“ í starfsemi sinni. Sveigjanleiki þarf að vera til staðar fyrir bæði stærri og minni framleiðendur til þess að geta lifað inni í breyttu kerfi matvælaframleiðslu, en í því felast jafnframt mikilvæg byggðasjónarmið svo fjölbreytt atvinnulíf sé til staðar í dreifðum byggðum landsins.

Framleiðsla hjá minni framleiðendum (s.s. framleiðendum sem nota vörumerkið „beint frá býli“) sem dreifa vöru sinni að stærstum hluta innan héraðs uppfyllir jafnframt fleiri kröfur og stefnumið stjórnvalda s.s. um sjálfbærni og minna kolefnisspor þar sem ekki þarf að flytja vöruna um langan veg hérlendis eða erlendis þar til henni er neytt, eins og á til að mynda við um sambærilegar vörur sem koma erlendis frá. Slíkir framleiðendur þurfa að hafa sinn sess og sinn skilning innan þess kerfis sem komið verður á. Aðgerðaáætlun matvælaráðuneytis þarf að

taka tillit til mismunandi aðila á öllum sviðum, hvort sem um er að ræða fiskveiðar, fiskvinnslu eða landbúnað að öðru leyti.

II.3 Fiskeldi og nýting strandsvæða

Í stefnumótun Sambands Íslenskra sveitarfélaga kemur fram:

- 8.26: Mótuð verði heildstæð stefna um fiskeldismál og nýtingu strandsvæða í sátt við umhverfið og íbúa, með beinni aðkomu sveitarfélaga. Fiskeldissjóður verði lagður niður og þess í stað fái sveitarfélög beina hlutdeild í auðlindagjaldi.

Fiskeldi er sá hluti matvælaframleiðslu á Íslandi sem er í örustum vexti. Vöxtur þeirrar greinar mun velta að miklu leyti á stefnumörkun stjórnvalda. Veruleg ásókn er í að setja á stofn fiskeldi við Íslands strendur. Mikilvægt er að sú uppbygging sé ekki stefnulaus til framtíðar.

Nýlega hefur komið út skýrsla Ríkisendurskoðunar um fiskeldi á Íslandi sem lýsir stjórnsýslu varðandi leyfisveitingar, eftirlit og þvingunaraðgerðir á sviðinu með afar neikvæðum hætti. Afar brýnt er að nýta ábendingar þeirrar skýrslu til þess að gera leyfisveitinga- og eftirlitskerfi fiskeldis skýrara, aðgengilegra og einfaldara. Það mun gagnast rekstraraðilum ekki síður en eftirlitsaðilum sem sveitarfélögum. Þá er nauðsynlegt í þeirri vinnu að gera ráð fyrir að sveitarfélög fái fjárhagslegan ábata af því þegar fiskeldi er í sveitarfélaginu, s.s. með beinni hlutdeild í auðlindagjaldi eins og fram kemur í stefnumótun sambandsins. Auk þess liggur nú fyrir skýrsla Boston Consulting Group um lagareldi en Samband Íslenskra sveitarfélaga skilaði inn umsögn um skýrsluna í samráðsgátt. Þá má nefna áherslur Fjórðungssambands vestfirðinga um að komið verði á fót samfélagssáttmála vegna fiskeldis á Vestfjörðum, en stór hluti fiskeldis fer fram í þeim landshluta. Slíka vinnu mætti nýta í aðgerðaáætlun vegna matvælastefnu. Töluverð vinna hefur farið fram hjá fjórðungssambandinu tengt fiskeldi, en þau gögn eru aðgengileg á vef Vestfjarðastofu:

1. [Samfélagssáttmáli.](#)
2. [Önnur gögn um fiskeldi á Vestfjörðum.](#)

II.4 Innleiðing hringrásarhagkerfisins

Í stefnumótun Sambands Íslenskra sveitarfélaga kemur fram:

- 7.5: Sambandið styðji sveitarfélög, í góðu samstarfi við ríkið, við að innleiða hringrásarhagkerfi hér á landi á hagkvæman og skilvirkan hátt. Áhersla verði á að draga úr myndun úrgangs, stuðla að sjálfbærri auðlindanotkun, lágmarka urðun úrgangs og tryggja góða þjónustu við íbúa og atvinnulíf og um leið auka fræðslu til eflingar umhverfisvitundar íbúa.

Sveitarfélög landsins vinna að því hörðum höndum að innleiða þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um meðhöndlun úrgangs og fleiri lögum er tengjast innleiðingu hringrásarhagkerfis. Allt með því augnamiði að auka endurnotkun,

endurvinnslu og aðra endurnýtingu, lágmarka förgun. Með innleiðingu hringrásarhagkerfis er staðinn vörður um takmarkaðar auðlindir jarðar, stuðlað að sjálfbærni auk þess sem slík innleiðing er ein kröftugasta loftslagsaðgerðin. Talið er að 45% losunar gróðurhúsalofttegunda í heiminum í dag tengist því hvernig við framleiðum og notum vörur, þar á meðal matvæli, og meðhöndlum eftir að þær hafa lokið hlutverki sínu. Fyrir liggur að umrædd kerfisbreyting veldur verulega auknum kostnaði á sveitarfélög og þar með hækkun þjónustugjalda, enda liggur mun meiri vinna að baki nýju úrgangsstjórnunarkerfi heldur en verið hefur þar sem stór hluti úrgangs hefur verið urðaður.

Í aðgerðaáætlun vegna matvælastefnu er brýnt að setja skýr markmið um nýtingu úrgangs, og þá sérstaklega lífræns úrgangs, sem gera má ráð fyrir að geti nýst með ýmsum hætti. Til þess þurfa að vera til staðar innviðir sem nýtt geta lífrænan úrgang, s.s. til eldsneytisframleiðslu, til áburðar á tún o.fl. nytsamlegra verkefna sem minnkað geta innflutning og aukið geta fullnýtingu þeirra afurða sem til staðar eru.

11.5 Innviðir vegna bættrar meðhöndlunar úrgangs

Í stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur fram:

- 7.6: Gerð verði áætlun um nauðsynlega innviði til bættrar meðhöndlunar úrgangs, svo sem sorpbrennslu til orkunýtingar fyrir þann úrgang sem ekki verður endurnýttur, þar sem m.a. verði lögð áhersla á ábyrgð framleiðenda og forsvaranlega förgun áhættuúrgangs.

Fyrir liggur að dýraleifar eru ekki meðhöndlaðar með réttum hætti á Íslandi. Með dýraleifum er átt við sláturúrgang, sjálfdaud dýr og hvers konar úrgang annan sem til fellur vegna meðhöndlunar eða úrvinnslu dýraafurða. Skortur er á innviðum til að meðhöndla þess háttar úrgang með forsvaranlegum hætti, en í dag eru t.d. dýrahæ urðuð þrátt fyrir kröfur um annað. Jafnframt er rétt að benda á að mikið af áhættulitlum sláturúrgangi fer til urðunar, þrátt fyrir að vinnslugeta hvorki Orkugerðarinnar né Moltu hafi verið nýtt til fulls síðustu ár. Þetta stafar að einhverjum leyti af lágri gjaldskrá urðunarstaða og skorti á samræmdu og markvissu verklagi þegar kemur að meðhöndlun úrgangs sem meðhöndla þarf á forsendum hollustuhátta og mengunarvarna en ekki markmiða hringrásarhagkerfis. Í júlí 2022 féll dómur í EFTA-dómstólnum um að Ísland hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hvað varðar meðferð dýraleifa sem rennir enn frekar stoðum undir að gera þarf betur í meðhöndlun þessa úrgangs en hingað til.

Til fjölda ára hefur verið til umræðu að byggja brennslustöð með orkunýtingu fyrir brennanlegan úrgang, annaðhvort eina eða fleiri fyrir allt landið, fyrir þann úrgang sem ekki má meðhöndla með öðrum hætti. Slíkt verkefni er kostnaðarsamt en getur verið ein af leiðunum til þess að fullnýta þann úrgang, s.s. með því að orkan sem kemur af brennslu sé nýtt til húshitunar eða annarrar orkuöflunar, sem minnkar þá þörfina á því að ganga á aðrar auðlindir. Í júní 2021 var undirritaður samningur á milli fjögurra sorpsamlaga og umhverfis- og auðlindaráðuneytis um sérstakt verkefni til að undirbúa innleiðingu framtíðarlausnar á meðhöndlun

brennanlegs úrgangs. Lokaskýrsla lá fyrir í árslok 2021 en engin ákvörðun hefur verið tekin með framhaldið.

III. Niðurlag

Að lokum vill Samband íslenskra sveitarfélaga taka fram að matvælastefnan samanstendur af metnaðarfullum markmiðum til ársins 2040 á sviði matvæla sem yrði til mikillar gagnsemi fyrir íslenskt samfélag, þ.m.t. sveitarfélög þessa lands komist þau til framkvæmda. Þó er erfiðleikum bundið að leggja mat á slíka stefnumótun þegar ekki liggja fyrir aðgerðir eða kostnaðarmat er tengist innleiðingu á stefnumarkmiðum matvælastefnunnar. Fyrir liggur að til stendur að útbúa aðgerðaáætlun til 5 ára þar sem gera mætti ráð fyrir að fjallað yrði nánar um einstakar aðgerðir, kostnað þeirra og hvernig þau muni hafa snertiflöt við sveitarfélög landsins. Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir sig tilbúið til þess að koma að vinnu við innleiðingu stefnunnar og þróun stefnumörkunar til framtíðar. Óskar sambandið eftir því koma til fundar við atvinnuveganefnd þegar málið verður til umfjöllunar hjá nefndinni og lýsa nánar sjónarmiðum sveitarfélaga vegna málsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

17.4.2023.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu, mál nr. 915.

SAM fagna því að fram sé komin þingsályktunartillaga um matvælastefnu til ársins 2040. SAM líta svo á að með tillögunni sé kominn grunnur að stefnu fyrir íslenska matvælaframleiðslu.

SAM hefur áður skilað umsögn um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnunni í Samráðsgátt stjórnvalda 24. febrúar 2023 og ítreka samtökin hér með það sem fram kom í þeirri umsögn; sjá viðhengi.

SAM telja miður hve þröngt sjónarhorn er notað á hugtakið "sjálfbærni" í þingsályktunartillögunni. Algengast er að miða skilgreiningu á sjálfbærni við skilgreiningu sem sett var fram í Bruntland-skýrslu Sameinuðu Þjóðanna árið 1987, en þar var sjálfbær þróun skilgreind sem *"þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum."* Algengt er að áhersla sé lögð á að meta sjálfbærni með því að horfa til þriggja megin stöða, sjálfbærni samfélags, náttúru og efnahags. Þannig geti engin starfsemi, eða þróun, talist sjálfbær sem skaðar samfélög, spillir náttúru eða skerðir efnahag samtímans.

Í þingsályktunartillögu um matvælastefnu er sérstakur kafli um sjálfbærni, en þar er eingöngu fjallað um sjálfbærni gagnvart náttúru. Nokkuð er fjallað um áhrif matvælaframleiðslu á samfélög í öðrum köflum þingsályktunartillögunnar, en SAM telja skorta á umfjöllun um efnahagslega sjálfbærni. Af þeim sökum vilja SAM ítreka sérstaklega að góð afkoma þeirra sem stunda matvælaframleiðslu er forsenda þess að þeir sem starfa í matvælaframleiðslu kjósi að halda áfram starfsemi og að leggja fjármagn í nýsköpun og fjárfestingar, til að tryggja matvælaframleiðslu til framtíðar.

SAM áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari ábendingum á síðari stigum. Eins eru samtökin tilbúin, sem ávallt fyrr, til að funda með Atvinnuveganefnd um málefni landbúnaðar og matvælaframleiðslu.

F.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Sigurjón R Rafnsson

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt
Reykjavík, 24. febrúar 2023

Efni: Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu, mál nr. 31/2023

Þann 10. febrúar sl. birti Matvælaráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu til ársins 2040 og óskaði eftir umsögn um efni draganna. Umsagnarfrestur var veittur til 24. febrúar 2023.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir „**SAM**“) hafa tekið umrædd drög til skoðunar (hér eftir „**tillagan**“) og verður hér gerð grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

SAM fagna því að fram séu komin drög að tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040. SAM líta svo á að hér sé kominn grunnur að stefnu fyrir íslenska matvælaframleiðslu en telur þó mikilvægt að skýra og bæta ákveðin atriði.

A. Almennt um tillöguna

- Mörg atriði í tillögunni tengjast eðlilega innbyrðis. Án þess að matvælaframleiðsla sé arðbær og skilyrði til þess tryggð verður hún ekki sá kjarni sem þarf til að tryggja byggðafestu né verðmætasköpun
- Huga þarf vel að því að samkeppnishæfni innlendrar matvælaframleiðslu í ljósi okkar sérstöðu m.a. út frá legu landsins, náttúrfari og dreifðri byggð utan höfuðborgarsvæðisins. Allt þetta hefur áhrif á stöðu framleiðenda bæði innbyrðis og gagnvart markaði, vísast þar einnig til umsagnar SAM um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu þar sem minnt er á jafnt aðgengi framleiðenda að markaði með tilliti til afurðaverðs.

B. Sjálfbærni matvælaframleiðslu

- Þegar fjallað er um sjálfbærni matvælaframleiðslu er mikilvægt að líta ekki einungis til umhverfislegrar sjálfbærni heldur einnig til annarrar og þriðju stoða sjálfbærni; það eru efnahagsleg og félagsleg sjálfbærni. Komið er inn á ákveðna þætti félagslegrar sjálfbærni í 2. kafla tillögunnar „Samfélag“ en ekki er minnst á efnahagslega sjálfbærni utan g. liðar Framtíðarsýnar í tillögunni.
- Minnt er á að bændur og fyrirtæki í landbúnaði, ekki síst í framleiðslu og vinnslu mjólkur, hafa ráðist í ýmis verkefni til að draga úr kolefnislosun og til að auka nýtingu hráefna. Hafa þær aðgerðir skilað góðum árangri þó enn sé hægt er að gera betur.
- SAM taka undir umsögn SAFL varðandi sjónarmið um þörf á sértæku bókhaldi fyrir landbúnaðinn vegna kolefnis losunar og bindingar ef hægt á að vera að sýna fram á annars vegar núverandi stöðu og síðan árangur.

C. Samfélag

6. Mikilvægt er að landbúnaðinum sé búið skýrt lagalegt og stjórnsýslulegt starfsumhverfi, sem styður við rekstraröryggi og aukna verðmætasköpun. SAM leggja enn fremur áherslu á mikilvægi stöðugleika rekstrarumhverfis landbúnaðarins. Framleiðsluferill í framleiðslu og vinnslu mjólkur er langur og veltuhraði fjármagns hægur. Trú á framtíðina er því mikilvæg til að eðlileg fjárfesting verði í greininni.

D. Fæðuöryggi

7. Í tillöggunni segir m.a. um fæðuöryggi: *“Skoða með heildstæðum hætti samspil loftslagsmála og fæðuöryggis þar sem aukin innlend framleiðsla getur leitt til meiri losunar gróðurhúsalofttegunda hér á landi.”* Með bættum framleiðsluháttum, tækni, nýsköpun og aðgerðum sem stuðla að bindingu kolefnis, er alls ekki sjálfgefið að aukin framleiðsla þýði sjálfkrafa aukna losun kolefnis. Það væri öfug þróun ef í þágu þess síðarnefnda yrði dregið úr matvælaframleiðslu til þess eins að auka innflutning og þar með losun annarsstaðar.
8. Umræða um fæðuöryggi hefur verið hávæx sýndustu misseri, fyrst í ljósi heimsfaraldurs og síðan vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Þetta snar breytti sýn ekki aðeins Íslendinga heldur heimsbyggðarinnar allar á matvælakeðjur heimsins. Aukin innlend fóðurframleiðsla, bætt nýting áburðar, bæði innflutts og hvers kyns lífræns áburðar er liður í að auka sjálfbærni og verðmætasköpun. Að þessu má sannarlega stuðla t.d. með hvötum sem gera bændum auðveldara að taka upp nýja tækni við dreifingu og geymslu búfjáráburðar svo dæmi sé nefnt.
9. Í dag stendur innlend framleiðsla undir um 99% af neyslu á mjólkurvörum samkvæmt skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi, sem unnin var af Landbúnaðarháskóla Íslands að beiðni Kristjáns Þórs Júlíussonar, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta segir þó ekki alla söguna því mjólk er næringarrík og inniheldur meðal annars lífsnauðsynlegar amínósýrur, kalk, vítamín og snefilefni (t.d. jöð) sem nauðsynlegt er að fá úr fæðunni.

E. Matvælaöryggi

10. Ísland er í sérflokk þegar kemur að lífelli notkun sýklalyfja í landbúnaði, en það skiptir máli varðandi myndun sýklalyfjaónæmra baktería sem er talin mesta heilsufarsógn mannskyns. Öll mjólk sem framleidd er á Íslandi öll er gerilsneydd skv. reglugerð nr. 851/2012 en gerilsneyðing útrýmir öllum sjúkdómsvaldandi bakteríum sem mögulega geta verið til staðar í mjólkinni og er því mikilvæg til að tryggja öryggi mjólkurafurða. Þá er óheimilt að flytja inn ógerilsneyddar mjólkurvörur, t.d. osta. SAM taka undir það sem kemur fram í umsögn SAFL að liður 4.1 verði endurorðaður með eftirfarandi hætti: *„Stuðla að því að matvæli sem framleidd eru hér á landi séu áfram örugg og heilnæm.“*

F. Þarfir neytenda

11. SAM taka undir lið 5.1 um upplýsingar til neytenda. Margoft hefur komið fram í könnunum að þetta skiptir íslenska neytendum máli. Miklar framfarir eru á þessu sviði í upplýsingatækni.

Tilkoma t.d. QR kóða sem byggja á alþjóðlegum stöðlum (t.d. GS1) ryðja hér brautina. Mikilvægt að upprunamerkingar nái ekki einungis til matvöruverslana heldur einnig til mótuneyta og veitingahúsa, með sýnilegum hætti.

G. Niðurlag

SAM vilja áréttta að góð afkoma er lykillinn að því að þeir sem starfa í matvælaframleiðslu hafi getu og vilja til að leggja fjármuni í nýsköpun og nýjar fjárfestingar. Þannig má stuðla að aukinni verðmætasköpun ásamt sjálfbærni og samdrætti í losun kolefnislosun frá íslenskri matvælaframleiðslu.

H. Að lokum

SAM áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari ábendingum á síðari stigum. Eins eru samtökin tilbúin, sem ávallt fyrr, til að funda með Matvælaráðuneytinu um málefni matvælaframleiðslu og landbúnaðar.

Fyrir hönd Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf,

Sigurjón R Rafnsson

Stjórnarformaður

Atvinnuveganefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

101 Reykjavík

Sent með tölvupósti

Reykjavík 17. apríl 2023.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SAFL“) vísa til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis sem send var frá nefndasviði þann 31. mars 2023 um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040 (hér eftir „**tillagan**“).

SAFL fagnar því að fram sé komin tillaga til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040. SAFL telur að tillagan geti orðið grunnur að stefnu fyrir íslenska matvælaframleiðslu en telur mikilvægt að skýra og bæta ákveðin atriði svo markmið stefnunnar nái fram að ganga.

A. Almenn um tillöguna

1. Meginmarkmið stefnunnar er „...að efla og styðja við íslenska matvælaframleiðslu þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum matvælum í sátt við umhverfi og samfélag.“ Í greinargerð tillögunnar segir að „Matvælastefnu Íslands er ætlað að vera leiðandi í ákvarðanatöku til að **stuðla að aukinni verðmætasköpun** í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja fæðu- og matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru.“
2. Mörg atriði framtíðarsýnar í matvælaframleiðslu sem birtist í tillögunni tengjast sterkum böndum. Þar skal helst nefna að g. liður framtíðarsýnar er í raun grunnur að því að hægt sé að vinna að öðrum atriðum framtíðarsýnarinnar. Sé matvælaframleiðsla ekki arðbær né tryggi byggðafestu og uppbyggingu þekkingar í samfélaginu er tómt mál að tala um tryggt fæðuöryggi og kolefnisjöfnun matvælaframleiðslu svo dæmi séu tekin. Því ætti arðbærni og aukin verðmætasköpun að vera forgangsmál matvælastefnu þar sem önnur markmið eru síðan byggð á þeim grunni.
3. Íslensk matvælaframleiðsla stendur að mörgu leiti nokkuð sterkt hvað arðsemi varðar, þá sérstaklega þegar litið er til sjávarútvegs. Landbúnaðurinn hefur hins vegar glímt við margvíslegar áskoranir undanfarin ár og áratugi og mikilvægt er að rétta þann mikla aðstöðuhalla sem íslenskur landbúnaður býr við í samanburði við önnur ríki í Evrópu, eigi markmið matvælastefnu eftir að ganga.
4. Huga þarf vel að því að samkeppnishæfni innlendar matvælaframleiðslu skerðist ekki heldur styrkist með aðgerðaáætlun sem boðað er að fylgi í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögu um matvælastefnu fyrir Ísland. Í þeim efnum þarf að hafa í huga möguleika innlendar matvælaframleiðslu m.a. út frá norðlægri legu Íslands.

B. Sjálfbærni matvælaframleiðslu

5. Þegar fjallað er um sjálfbærni matvælaframleiðslu er mikilvægt að líta ekki einungis til umhverfislegrar sjálfbærni heldur einnig hinna tveggja stöða sjálfbærni; efnahagslegrar og félagslegrar. Komið er inn á ákveðna þætti félagslegrar sjálfbærni í 2. kafla tillögunnar „Samfélag“ (kafla C í umsögn þessari) en **hvergi er minnst á efnahagslega sjálfbærni** utan g. liðar Framtíðarsýnar þeirrar sem birtist í tillögunni. Sjá nánari umfjöllun í kafla C.
6. Í lið 1.4 í tillögunni er fjallað um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna matvælaframleiðslu, m.a. með orkuskiptum og breyttum framleiðsluháttum. Þá fjallar d. liður framtíðarsýnar tillögunnar einnig um kolefnishlutlausu matvælaframleiðslu. Bændur og fyrirtæki í landbúnaði hafa ráðist í ýmis verkefni til að draga úr losun sem og mótvægisáðgerðir af ýmsum toga. Hafa þær aðgerðir skilað góðum árangri og hægt er að gera enn betur í þeim málum.
7. Það ber þó að hafa í huga að hvorki orkuskipti í landbúnaði né mótvægisáðgerðir í formi skógræktar eða endurheimts votlendis hafa nokkur áhrif á mælda losun frá flokknum „Landbúnaður“ í Landsskýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda (National Inventory Report – NIR) sem Umhverfisstofnun skilar til ESB og loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Af þeim sökum kallar markmið um kolefnisjöfnun matvælaframleiðslu á sértækt bókhald, þá sérstaklega hvað landbúnaðinn varðar.
8. Um 59% kolefnislosunar frá landbúnaði í Landsskýrslum kemur frá búfé (iðragerjun og meðhöndlun húsdýraáburðar) og 40% frá nytjajarðvegi (áburðarnotkun (lífrænn og ólífrænn), lífrænum áburði frá dýrum á beit og plöntuleifum).¹ Ekki er tekið tillit til bindingar graslendis, skógræktar né endurheimt votlendis í þeim flokki en binding af völdum þessa skráist undir flokkinn „LULUCF“. Því liggur nokkuð ljóst fyrir að eina leiðin til að draga úr losun innan flokksins „Landbúnaður“ í Landsskýrslum er að fækka búfénaði eða finna nýstárlegar aðferðir við fóðrun og áburðarnotkun. En kolefnisjöfnun er harla hægt að ná í þessum flokki. **Af þessum sökum þyrfti að halda sérstaklega utan um kolefnislosun og bindingu sem sannarlega tilheyrir landbúnaðinum til þess að fá fram raunhæfa nústöðu greinarinnar.**
9. Í lið 1.5 er fjallað um hringrásarhagkerfið og fullnýtingu afurða. Í því samhengi veur SAFL sérstaklega athygli á að litið verði til förgunar dýra- og sláturleyfa og annars lífræns úrgangs. Hægt er að nýta slíkan úrgang m.a. í gerð áburðar og jafnvel til fóðurgerðar, ef flokkun efna er með tilteknum hætti. Mikilvægt er að tryggja aðgengi að förgunarúrræðum um allt land svo markmið um fullnýtingu afurða náist.

C. Samfélag

10. Mikilvægt er að landbúnaðinum sé búið skýrt lagalegt starfsumhverfi sem styður við aukna verðmætasköpun. Nú liggur fyrir að íslenskur landbúnaður býr ekki við sömu eða sambærileg rekstrarskilyrði og önnur Evrópulönd hvað varðar mögulega hagræðingu í sláturíðnaði. Ljóst er að með aukinni hagræðingu í þeim hluta framleiðsluferils kjöts, þ.e.

¹ Sjá umfjöllun um losun frá landbúnaði á bls. 21-24 í útdrætti úr Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda 2022 á vef Umhverfisstofnunar - [220907 NIR útdráttur 2022.pdf \(ust.is\)](#)

slátrun og vinnslu, yrði framleiðslan arðbærari og starfsemin myndi færast nær efnahagslegri sjálfbærni. Þannig yrði bæði efnahagsleg og félagsleg sjálfbærni byggðalaga þar sem kjötframleiðsla er stunduð mun traustari en ella.

11. Samtökin leggja enn fremur áherslu á mikilvægi stöðugleika rekstrarumhverfis landbúnaðarins. Framleiðsluferill er í mörgum tilvikum langur, sem dæmi tekur það allt að þrjú ár að framleiða nautgripakjöt, frá því kýrin festir fang og þar til nautgrip er slátrað. Þá eru fjárfestingar miklar í flestum landbúnaðargreinum og með auknum stöðugleika aukast líkur á fjárfestingum í greininni.
12. Þá vill SAFL vekja athygli á því mikilvæga hlutverki sem raforkukostnaður spilar í uppbyggingu matvælaframleiðslu um land allt, þá sérstaklega framleiðslu í gróðurhúsum. Gjaldskrá RARIK á dreifingu raforku í þéttbýli hefur hækkað talsvert undanfarin ár og er verðmunurinn á dreifbýli og þéttbýli nú um 33%.
13. RARIK og Orkubú Vestfjarða er einu dreifiveitur rafmagns sem sótt hafa um leyfi fyrir sérstakri gjaldskrá fyrir dreifingu á raforku í dreifbýli. Verðmunur á raforku hefur því augljós neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu sveitarfélaga. Sé val um að byggja orkufrekan iðnað/starfsemi t.d. í Árborg eða annars staðar á Suðurlandi hefur Árborg forskot þar sem einungis er ein verðskrá í gildi þar, hjá HS Veitum.
14. **Í ljósi áherslna á uppbyggingu grænnar matvælaframleiðslu um allt land er mikilvægt jafna rafmagnskostnað enn frekar**, enda mikið réttlætismál gagnvart íbúum og framleiðendum á landsbyggðinni. Ein af undirstöðuáttvinnugreinum þjóðarinnar, ferðaþjónustan, byggir á því að nýta innviði um land allt og með orkuskiptum í bílafloata landsins þurfa innviðirnir einnig að vera til staðar. Það er því mjög óeðlilegt að íbúar landsbyggðarinnar og þ.m.t. matvælaframleiðendur til sveita, beri einir þann kostnað sem felst í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku um dreifbýlið í gegnum síhækkandi gjaldskrá.

D. Fæðuöryggi

15. SAFL tekur heilshugar undir lið 2.4 í greinargerð tillögunnar. Umræða um fæðuöryggi hefur sannarlega aukist undanfarin ár og ekki af ástæðulausu. Með aukinni innlendri framleiðslu á fóðri og betri nýtingu áburðar verður matvælaframleiðsla minna háð innflutningi aðfanga og verðmætasköpun eykst. Það liggja sannarlega tækifæri í því að efla framleiðslu á korni, bæði sem fóður fyrir búfé og til mannelis og efla innlenda áburðarframleiðslu með bættri nýtingu hráefna.
16. Í dag stendur innlend framleiðsla fyrir töluverðum hluta fæðuframboðs á Íslandi og þá sérstaklega próteini. Hlutdeild innlendar framleiðslu er 43% í grænmeti, 90% í kjöti, 96% í eggjum og 99% í mjólkurvörum, en sem dæmi aðeins 1% í korni til mannelis, samkvæmt skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi, sem unnin var af Landbúnaðarháskóla Íslands að beiðni Kristjáns Þórs Júlíussonar, þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ljóst er að hægt er að gera betur í framleiðslu útiræktaðs grænmetis sem og gróðurhúsarækt.

E. Matvælaöryggi


17. SAFL vilja benda á Ísland er í sérflokkum þegar kemur að litilli notkun sýklalyfja í landbúnaði, en það skiptir máli varðandi myndun sýklalyfjaónæmra baktería sem er talin mesta heilsufarsógn mannskyns. Til samanburðar er Svíþjóð það land innan ESB sem er með

- minnsta sýklalyfjanotkun, eða um 11,1 mg/CPU, sem er þó þrisvar sinum meiri notkun en á Íslandi. Rekja má þennan árangur til einstakrar heilbrigðisstöðu íslensks búfjár sem og strangra reglna um notkun sýklalyfja. Mikilvægt er að halda í þessa eftirsóknarverðu stöðu.
18. Matvælasýkingar (súnur) eru einnig fátíðar á Íslandi. Má meðal annars rekja það til harðari viðbragða hérlendis við uppkomu salmonellubaktersmits á kjúklingabúum og kamfýlobaktersmits í afurðum. Hér er allt kjöt fryst ef bakterían greinist í afurðum, en frystingin drepur um 90% af bakteríunni. Vegna þessa hefur Ísland náð algerri sérstöðu í þessum málum. Ekki gildir það sama innan ESB þar sem frysting er ekki talin efnahagslega gerleg, þrátt fyrir að kostnaður fyrir heilbrigðiskerfið og vegna vinnutaps sé talinn í milljörðum evra á hverju ári.
19. Öll mjólk sem framleidd er á Íslandi öll er gerilsneydd skv. reglugerð nr. 851/2012 en gerilsneyðing útrýmir öllum sjúkdómsvaldandi bakteríum sem mögulega geta verið til staðar í mjólkinni og er því mikilvæg til að tryggja öryggi mjólkurafurða. Þá er óheimilt að flytja inn ógerilsneyddar mjólkurvörur, t.d. osta.

F. Þarfir neytenda

20. Samtökin taka heilshugar undir lið 5.1 um upplýsingar til neytenda. Samkvæmt könnun Gallup í ágúst 2016 skiptir uppruni landbúnaðarafurða íslenska neytendur miklu máli en þá svöruðu 82,2% því að þeir veldu eingöngu, mun frekar eða frekar íslenskt kjöt en erlent þegar verslað er og 88,3% sögðu það skipta öllu, mjög miklu eða frekar miklu máli að upplýsingar um uppruna væru á umbúðunum.
21. Þá er mikilvægt að upprunamerkingar nái ekki einungis til matvöruverslana heldur einnig til mótuneyta og veitingahúsa, með sýnilegum hætti svo neytandinn þurfi ekki að spyrja um uppruna. Með aukinni upplýsingagjöf gefst neytendum færi á að taka upplýst val um neyslu sína.
22. Samtökin taka undir lið 5.3 sem kveður á um að jöfnuður, aðgengi að matvælum og hollusta sé í fyrirrúmi. Mikilvægt er í þessu samhengi að huga að því að næringarþörf einstaklinga sé mætt fyrir öll næringarefni. Til þess að svo sé er mikilvægt að tryggja nægt aðgengi að fjölbreyttum matvælum, bæði úr jurta- og dýraríkinu.
23. Samkvæmt skýrslu Landlæknis um mataræði Íslendinga er ljóst að neysla grænmetis og ávaxta er langt frá ráðleggingum.² Með aukinni áherslu á grænmetisrækt eru tækifæri til að auka neyslu þess. Þá hefur Landlæknisembættið vakið sérstaka athygli á jodskorti meðal barnshafandi kvenna sem má rekja til of lítillar fisk- og mjólkurneyslu. Með breyttum neysluvenjum er afar mikilvægt að öllum sé tryggt aðgengi að matvælum sem svara næringarþörf einstaklinga og að upplýsingar um næringarinnihald séu aðgengilegar og skýrar.
24. Landbúnaðarvörur standa undir stærstum hluta próteininntöku einstaklinga. Þar má nefna mjólkurvörur (24%) og kjöt (31%). Svo hægt sé að tryggja aðgengi að þessum mikilvægu próteingjöfum þarf sérstaklega að huga að starfsumhverfi landbúnaðarins með það að markmiði að auka arðsemi og tryggja áframhaldandi framleiðslu.

² Aðeins 2% þáttakenda neytir sem nam ráðlögðum dagskammti af grænmeti, ávöxtum og berjum. Sjá bls. 14 í skýrslu Landlæknis um matarvenjur Íslendinga: [Hvadbordaislendingar_vefur_lok_uppf_rt_nov22.pdf](https://www.ctfassets.net/Hvadbordaislendingar_vefur_lok_uppf_rt_nov22.pdf) (ctfassets.net)



G. Annað

25. Í lið b. og h. í kaflanum „Framtíðarsýn“ er talað um „lifandi auðlindir“. Mikilvægt er að skýrt sé hvað flokkast sem lifandi auðlindir, þ.e. hvort einungis sé um að ræða sjávardýr eða hvort villt dýr s.s. gæsir og hreindýr séu þar undir. Með orðskýringu er einnig skýrt að húsdýr flokkast ekki þar undir.

H. Niðurlag

SAFL fagna því að fram séu komin drög að tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040. Mikilvægt er að tryggja að grunnframleiðslan búi við góð rekstrarskilyrði svo framþróun og nýsköpun megi njóta sín og hægt verði að ráðast í fjárfestingar og verkefni með það að markmiði að auka verðmætasköpun með sjálfbærni og lágmarks kolefnislosun íslenskrar matvælaframleiðslu að leiðarljósi.

Samtökin eru reiðubúin til að funda með þingnefndinni til frekara samráðs og samtals um tillögu þess.

Fyrir hönd
Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir
framkvæmdastjóri SAFL



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 11. apríl 2023
nr. erindis 2304010 SIS

Á 42. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 5. apríl 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um matvælastefnu til ársins 2040

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur frá Atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 31. mars 2023, þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál. Óskað er eftir að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. apríl.

Byggðarráð Skagafjarðar fagnar að unnin hafi verið tillaga til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040 en leggur áherslu á að nokkur atriði verði skýrð betur. Tillagan byggir á 6 þáttum sem allir hafa mikilvægar fyrirsagnir. Í flestum þeirra eru samt útþynntar eða loðnar lýsingar á því sem ætlað er að gera. Sem dæmi má nefna lið nr. 4 en þar stendur „4.1. Stuðlað verði að því að matvæli sem framleidd eru hér á landi sem og aðflutt matvæli séu örugg og heilnæm“. Byggðarráð telur að hér eigi að kveða mun fastar að orði og segja að matvæli sem hér eru framleidd skuli vera örugg og heilnæm og það sama skal eiga við um öll innflutt matvæli. Öryggi og heilnæmi matvælna snýr meðal annars að kröfum um aðbúnað dýra, lyfjanotkun í framleiðslu og staðfestum uppruna þeirrar vöru sem seld er. Sömu kröfur verða að vera til vara sem fluttar eru til landsins og þess sem framleitt er hér á landi.

Eins má nefna lið nr. 5 en í línu 5.1 stendur „Stuðlað verði að því að neytendur séu vel upplýstir um uppruna, innihald og kolefnisspor matvæla“. Byggðarráð telur þetta allt of veikt til orða tekið og krefst þess að neytendur verði upplýstir með skýrum og greinilegum hætti um uppruna, innihald og kolefnisspor allra þeirra matvæla sem boðin eru til sölu í verslunum á Íslandi, hvort sem þau eru innlend framleiðsla eða innflutt. Við útreikning á kolefnisspori matvælna er einnig mikilvægt að stuðst sé við sömu forsendur og reikniaðferðir. Eins þurfa merkingar á matvælum sem flutt eru óunnin til landsins og síðan meðhöndluð lítillaga og endurpökkuð að vera skýr um uppruna hrávörunnar og þá hvers vegna hún sé kominn í innlendar neytendaumbúðir.

Varðandi allar merkingar á vörum þá er eðlilegt í matvælastefnu til ársins 2040 að tekið sé fyrir að vörur sem eru innfluttar megi ekki pakka í umbúðir sem á einhvern



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349

hátt gefa til kynna að þær séu íslenskar að megin uppistöðu, samanber notkun fánalitanna á innfluttum landbúnaðarvörum í dag.

Undir lið nr. 6 er fjallað um rannsóknir, nýsköpun og menntun. Í lið 6.4 stendur „Hlúð verði að grunn rannsóknum og vöktun lifandi auðlinda og matvæla“. Byggðarráð telur að þessi liður og fleiri sambærilegir með álíka loðið orðalag í framlagðri stefnu þurfi að vera skýrari um að ætlunin sé að fara í raunverulegar aðgerðir til að tryggja örugga matvælaframleiðslu á Íslandi og sanngjarnar og eðlilegar kröfur til innfluttra matvæla með bæði hagsmuni neytenda og innlendra framleiðenda að leiðarljósi. Byggðarráð er einnig sammála um að skýra þurfi betur markmið og meiningu nokkurra liða. Má þar nefna t.d. lið nr 2.4 en þar stendur: „Stuðlað verði að uppbyggingu innviða um allt land sem geri fyrirtækjum í matvælaframleiðslu og nýtingu náttúruauðlinda kleift að fjárfesta og þróast óháð staðsetningu“.

Einnig þarf umfjöllun um stefnuna í framkvæmd að vera skýrari. Það þarf að vera skýrt að þær áætlanir sem gerðar verða til 5 ára um framfylgd matvælastefnunnar hafi hver um sig bæði ábyrgðaraðila og fjármögnun svo hún nái markmiðum sínum.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar


Sigfus Ingi Sigfusson
sveitarstjóri  Sveitarstjórn